



SAMRÆÐA UM HVÍTBÓK UMHVERFISÞING 2011



Desember 2011
Sigurborg Kr. Hannesdóttir, MSc.

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	3
1. Inngangur.....	5
2. Tilurð hvítbókar.....	7
3. Samhljómur: Fræðsla, kynning, samræða, sátt.....	8
3.1 Einföldun og kennsluefni.....	8
3.2 Fræðsla og kynning.....	9
Hugmyndir um almenna kynningu og fræðslu.....	9
Hugmyndir um fræðslu í skólum.....	10
3.3 Samræða og sátt.....	11
4. Samhljómur: Stefna, lög, eftirfylgni, stjórnsýsla.....	12
4.1 Lög.....	13
4.2 Viðurlög og eftirlit.....	14
4.3 Stjórnsýsla.....	14
5. Náttúruvernd til framtíðar.....	17



Náttúruvernd
HVÍTBÓK



UMHVERFISÞING
2011



Umsjón ILDI ehf., starfsmenn Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Ingi Hans Jónsson

Ljósmyndir eru nær allar fengnar frá umhverfisráðuneytinu.

ILDÍ þakkar fyrir ánægjulegt samstarf.

SAMANTEKT

Á Umhverfispingi 2011, sem haldið var á Selfossi, þann 14. október, fór fram kynning á hvítbók um náttúruvernd og í framhaldi af henni, samræður allra þinggesta, þar sem allir áttu jafna möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Þátttakendur svöruðu spurningu um hvernig hvítbók mætti marka þáttaskil í íslenskri náttúruvernd. Enginn vafi virðist leika á því í hugum þinggesta að útkoma hvítbókarinnar og vinna nefndarinnar markar í raun nú þegar þáttaskil. Með henni sé orðin til dýrmæt yfirsýn yfir náttúruvernd á Íslandi og grunnur að stefnumörkun.

Næsta skref felist í því að koma skilaboðum hvítbókar á framfæri við þjóðina, unga sem aldna og um hana þurfi að verða samræða, til að stuðla að sátt um náttúruvernd á Íslandi. Fram fari kynning á öllum skólastigum og fræðsla og kynning til almennings. Þetta eigi reyndar ekki einungis við um skilaboð hvítbókar, heldur fræðslu og menntun á sviði náttúruvísinda og náttúruverndar almennt, sem leggja þurfi aukna áherslu á. Þinggestir voru meðvitaðir um, að það þurfi að einfalda og skýra það sem hvítbók hefur að geyma og mögulega þróa námsefni fyrir skóla.

Skýrt var kallað eftir því að fram fari samræða um innihald hvítbókar, þar sem allir hagsmunaaðilar koma að og tekið er mið af hinum ólíku sjónarmiðum. Vætanlega þyrfti að velja grundvallaratriði og/eða það sem er mestur ágreiningur um og kalla til viðkomandi hagsmunaaðila, þar sem hvítbókin er mjög yfirgripsmikið og metnaðarfullt plagg. Samræðan er lykilatriði í því að stuðla að sátt um náttúruvernd hér á landi.

Nokkrar vangaveltur komu um framhaldið, sem felst í endurskoðun náttúruverndarlaga á grundvelli hvítbókar og tillagna nefndarinnar. Kallað var eftir kjarki í pólitískri stefnumörkun, skýrum lögum, virkum viðurlögum og eftirfylgni, vandaðri stjórnsýslu og fjármögnun. Einfalda þurfi stjórnsýslu, skýra ábyrgð og verkaskiptingu og mögulega huga að sameiningu stofnana.

Fram kom að hvítbók sé ekki eitthvað sem gert er í eitt skipti fyrir öll, heldur þróist stöðugt og var kallað eftir stefnumótun sem auk lagasetningar væri sett fram sem stefna, markmið og aðgerðaáætlun. Ein af hugmyndunum um eftirfylgni var að á hverju umhverfispingi verði spurt „Hvar stöndum við?“.

Áhersla var lögð á faglega þekkingu sem grundvöll ákvarðanatöku, gæta þurfi jafnvægis milli ólíkra sjónarmiða og nýtingar og verndar, með megináherslu á sjálfbæra þróun til framtíðar. Horft verði til langtímahagsmuna mannkyns og lífs á jörðu, í vitund um að „...náttúruvernd er grundvöllur að framtíð mannsins“.

„Það er óhætt að segja að náttúruvernd hefur vaxið ásmegin undanfarin ár. Þjóðfélagið er orðið móttækilegra fyrir umræðu um verndun náttúrunnar – eftir langa hríð þar sem orðræða nýtingar var allt of ráðandi. Við þurfum ekki að leita langt aftur í fortíðina – ekki lengra en inn í hið meinta góðæri – til að finna dæmi þess að oftrú á framkvæmdum og yfirgangur mannsins gagnvart náttúrunni réðu ríkjum. Auðvitað heyrast þessar raddir ennþá reglulega úr ýmsum geirum samfélagsins hjá þeim sem vilja einföld svör við flóknum spurningum, en jafnvægið hefur þó aukist – náttúran á orðið sífellt fleiri og öflugari málsvara. En það tekur tíma að snúa frá þessari hefðbundnu nálgun en til þess að tryggja í raun grænan vöxt, sjálfbærni og jafnrétti kynslóðanna verður að umgangast náttúruna af nærfærni, auðlindirnar af auðmýkt og taka ákvarðanir alltaf af ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum.“

Úr ávarpi umhverfisráðherra, Svandísar Svavarsdóttur, á Umhverfisþingi 2011

1. INNGANGUR

Á Umverfisþingi ársins 2011, sem haldið var á Selfossi þann 14. október, fóru fram samræður um hvítbók, í kjölfar kynningar á helstu áherslum hennar. ILDI stýrði samræðunum og hafði fyrirkomulagið tilvísun í Heimskaffi aðferðina (World Café)¹ en var lagað að aðstæðum á þinginu. Markmið samræðunnar var að fá fram ábendingar, athugasemdir og hugmyndir varðandi Hvítbók, frá þeim fjölmenna hópi sem samankominn var á þinginu og jafnframt að sækja í þekkingarbrunn þátttakendanna, um náttúruvernd almennt.

Til umræðu var spurningin:

***Gefum okkur að hvítbókin marki þáttaskil í náttúruvernd á Íslandi.
Hvers þarf að gæta til að svo megi verða?***

Þátttakendur sátu við stór hringborð með 12 sætum. Umræðan byggðist upp þannig:

1. Hver og einn skrifaði þrjú svör á miða.
2. Þrír sessunautar báru saman sín svör og ræddu áfram.
3. Hver þriggja manna hópur skráði helstu punkta úr umræðunni niður á sameiginlegt blað.
4. Hóparnir við hvert borð, báru síðan saman bækur sínar.
5. Hvert borð fékk síðan það verkefni að draga saman á eitt A4 blað, það sem kallað var „Samhljómur 1“.
6. Þegar því var lokið dró hvert borð jafnframt saman „Samhljóm 2 og 3“.
7. Einn fulltrúi frá hverju borði stóð upp og kynnti „Samhljóm 1“ fyrir öllum í salnum.



Þannig hljómaði um allan sal, það sem þeir u.þ.b. 300 þátttakendur á Umhverfisþingi 2011 töldu að þurfi að gæta til að hvítbókin megi marka þáttaskil í náttúruvernd á Íslandi. Í ljós komu sterkar sameiginlegar áherslur á mikilvægi kynningar, fræðslu og samræðu.

Fæstir af þátttakendum höfðu kynnt sér hvítbókina en samantekt lá frammi á borðunum. Fólk var þó hvatt til að ræða málin út frá sinni þekkingu á umhverfismálum og náttúruvernd, til að nýta dýrmætan tíma til samræðu frekar en lestrar. Skilaboð umræðunnar bera þessa merki þannig að hún er ekki síður grundvölluð á almennum hugmyndum um eflingu náttúruverndar en nákvæmlega því sem fram kemur í hvítbókinni eða tilgangi hennar.

Þessi samantekt skiptist í tvo meginhluta og er þar byggt á samhljóminum. Annars vegar er 3. Kafli, um fræðslu, kynningu, áframhaldandi samræðu um hvítbók og draum um sátt. Hins vegar er 4. Kafli, um það að koma málum til framkvæmda í gegnum lagasetningu, viðurlög, eftirlit og stjórnsýslu.

Í 2. Kafla er sagt frá tilurð hvítbókar og í 5. Kafla er greint frá skilaboðum um náttúruvernd til framtíðar. Í köflum 3.1, 3.2, og 3.3 eru kaflar sem kallast „Vangaveltur“, með skáletruðum texta og eru það vangaveltur skýrsluhöfundar, Sigurborgar Kr. Hannesdóttur, ætlaðar til að varpa ljósi á málefnið.



2. TILURÐ HVÍTBÓKAR

Hvítbókin er afrakstur vinnu nefndar sem umhverfisráðherra skipaði í nóvember 2009 um endurskoðun laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Samkvæmt erindisbréfi var nefndinni ætlað að skoða sérstaklega eftirtalin atriði:

- Markmið laganna og skilgreiningar.
- Hlutverk stofnana varðandi framkvæmd laganna, svo sem verkaskiptingu, ábyrgð og eftirlitshlutverk, friðlýsingaferli, verndaráætlun, stjórn og umsjón með náttúruverndarsvæðum og starfsemi náttúruverndarnefnda.
- Almennarétt.
- Landslagsvernd og svæðavernd, m.a. með tilliti til menningarlandslags.
- Verndun erfðaauðlinda landsins.
- Náttúruverndaráætlun og náttúruminjaskrá.
- Bann við akstri utan vega.

Enn fremur var nefndinni falið að huga að samstarfi stjórnsýslustiganna, ríkis og sveitarfélaga við framkvæmd laganna. ²

Hvítbókin skiptist í tvo hluta, í þeim fyrri er fjallað um ýmsa þætti sem varða grundvöll löggjafar um náttúruvernd en í síðari hlutanum er sjónum beint að afmörkuðum þáttum löggjafarinnar sem huga þarf að við smíði nýs frumvarps.³




² Úr inngangi hvítbókar, bls. 19

³ Úr inngangi hvítbókar, bls. 22 – 23

3. SAMHLJÓMUR: FRÆÐSLA, KYNNING, SAMRÆÐA, SÁTT

Þessi kafli byggir á þeim atriðum sem þátttakendur skilgreindu sem samhljóm úr umræðunni. Fram kemur sú grundvallarsýn að hvítbókin marki nú þegar þáttaskil og að komið sé að nýjum kafla í náttúruvernd á Íslandi. Hins vegar skipti eftirfylgnin öllu máli, stefnumörkun og pólitískur kjarkur til að láta þær breytingar sem hvítbók boðar á löggjöf og öðrum áherslum náttúruverndar, verða að veruleika.



Sterkasti samhljómurinn úr salnum var þessi: „Hvítbókina þarf að kynna og það þarf að eiga sér stað um hana samræða“. Undir hljómaði stefið: „Draumur um sátt“.

3.1 EINFÖLDUN OG KENNSLUEFNI

Þátttakendur voru meðvitaðir um að hvítbókin er stórt, metnaðarfullt og yfirgripsmikið rit en töldu samt sem áður að efni hennar eigi erindi út fyrir stjórnkerfið. Til þess þurfi að kynna hana almenningi og einfalda hana eða „matreiða“ á aðgengilegan hátt, „...með einföldum og skemmtilegum hætti og gera hana meira spennandi lesningu þannig að fólk nenni að lesa hana“. Stungið var upp á að gerðir verði útdrættir fyrir mismunandi markhópa, þ.m.t. stjórnáamenn.

Einnig var rætt um gerð kennsluefnis og verkefna fyrir hin ýmsu skólastig og símenntun, sem yrði kynnt og kennt í skólum landsins, allt frá leikskólum til háskóla og þá bæði átt við hvítbók og náttúrufræði almennt.

Vangaveltur: Spurt var „Hver les hvítbókina?“ sem er raunhæf spurning, þar sem hún er löng og efnismikil og höfðar mest til þeirra sem þegar eru tengdir náttúruvernd. Væntanlega er töluverð kúnt að gera útdrætti svo vel sé. Þarf að meta hver er kjarninn í skilaboðunum? Í hverju felast þáttaskilin sem hvítbókin markar? Er það síðan það sem þarf að leggja megináherslu á að koma á framfæri?

3.2 FRÆÐSLA OG KYNNING

Sterkasti samhljómurinn frá þátttakendum á umhverfisþinginu var áherslan á fræðslu, kynningu og menntun, eða markaðssetningu. Í þeirri umræðu var bæði verið að vísa til hvítbókar og fræðslu um náttúru og náttúruvernd. Kynning og fræðsla veki áhuga og auki þekkingu og hafi áhrif á viðhorf. Málefnaleg umræða í þjóðfélaginu um náttúruvernd og umhverfismál sé alltaf af hinu góða og oft grundvöllur aðgerða og eftirfylgni.

Almennt þarf að efla náttúrufræðisþekkingu landans, „...frá æsku til elli“, sögðu þátttakendur. Náttúrumenntun og náttúruuppeldi muni geta af sér aukna náttúruvitund og virðingu fyrir náttúru landsins, þannig að hún sé a.m.k. jafn gild öðrum verðmætum. Bent var á að aukin þekking leiði einnig til fjölgunar starfa. Langtímamarkmiðið eigi að vera menntun ungs fólks um náttúruvernd. Til að þetta verði að veruleika þarf það að snúa bæði að menntakerfinu og almenningi.

HUGMYNDIR UM ALMENNA KYNNINGU OG FRÆÐSLU

Fram komu ýmsar hugmyndir um leiðir í kynningu og fræðslu til að „...efla þekkingu og meðvitund“, byggt á þeirri trú að það sé einn af grundvöllum almennrar lýðræðislegrar þátttöku í náttúru- og umhverfisvernd og liður í að tryggja stuðning stjórnvalda og almennings við málefni.

Hvað	Hverjir	Hvernig
<ul style="list-style-type: none">•Kynningarferli til að efla áhuga á hvítbók.•Virki og vönduð umfjöllun í fjölmiðlum >> þekking fjölmiðlafólks.•Láta fólk skilja afleiðingar slæmrar umgengni í umhverfinu.•Auka skilning á gildi náttúrunnar. Varúðarreglan höfð að leiðarljósi.•Hvítbók efla skilning á að náttúruvernd er meira en dagurinn í dag og við þurfum að líta til framtíðar og næstu kynslóða.	<ul style="list-style-type: none">•Almenningur.•Nemendur.•Unga kynslóðin.•Stjórnmalámennt.•Starfsmenn í stjórnsýslu.•Starfsmenn í náttúruvernd og skipulagsmálum.•Félög og samtök.•Ferðamenn.	<ul style="list-style-type: none">•Þættir í útvarpi og sjónvarpi.•Endursýna þætti á RÚV um svæði á náttúruminjaskrá.•Daglegar fréttir um náttúruvernd og umhverfismál.•Sjónvarpsauglýsingar, stuttar, hnitmiðaðar, auðskiljanlegar.•Lifandi og skapandi fræðsla með raunverulegum dæmum.•Einstök átaksverkefni, t.d. hreinsun áa og stranda.

HUGMYNDIR UM FRÆÐSLU Í SKÓLUM

Notkun hvítbókar í kennslu og það að efla náttúrufræðikennslu í skólum var þátttakendum ofarlega í huga. Hugsun hvítbókarinnar þurfi að rata inn í námsskrár skólakerfisins og að hún verði námsefni í grunnskólum þannig að börn fái ung góða fræðslu um mikilvægi náttúrunnar fyrir allt líf til framtíðar.

Bent var á leiðir, s.s.

- Náttúruskólar og miklu meiri útikennsla.
- Ef til vill laga skólaárið betur að árstíðum.
- Stofna náttúruverndarbraut innan háskólanna.
- Menntun kennara og leiðbeinenda.

Vangaveltur: Enginn vafi leikur á því að fá börn strax frá unga aldri að kynnast náttúrunni, m.a. gegnum fræðslu, hefur það uppbyggileg áhrif á líðan þeirra og afstöðu. Hins vegar eru ekki allir sammála því að aukin þekking nægi alltaf til að breyta afstöðu eða hegðun. Má þar nefna félagssálfræðilegar kenningar sem verkefnið Vistvernd í verki⁴ grundvallast á að upplýsingar nægi ekki til að breyta hegðun. Þá myndum við væntanlega alltaf borða hollan mat og hreyfa okkur og allir væru hættir að reykja. Grunnurinn sé sá að fólki sé ekki sama (to care) og þess vegna sýni það umhverfinu umhyggju.

Þetta er í samræmi við eina af stoðum alþjóðlegra samtaka um þátttöku almennings, International Association for Public Participation, IAP2, sem eru gildi.⁵ Þannig séu gildin okkar grundvöllur að sýn okkar á heiminn, lífið og tilveruna og að því hverju við trúum (beliefs). Það síðan ráði hegðun.

Samkvæmt þessu má velta því fyrir sér hvort upplýsingar og fræðsla nægi eitt og sér til að skapa einingu um náttúruvernd.

⁴ Sjá www.landvernd.is, undir Vistvernd.

⁵ Sjá www.iap2.org eða www.ildi.is undir Samvinna/Gæði.

3.3 SAMRÆÐA OG SÁTT

Mikil áhersla var lögð á samræðu sem gæti skilað aukinni sátt í samfélaginu um mikilvægi náttúruverndar og stefnumörkun þjóðarinnar á því sviði. Samræða og samvinna þurfi að byggjast á fagmennsku og þekkingu, þvert á mismunandi greinar og án fordóma og skotgrafahernaðar. Kallað verði eftir breiðum sjónarmiðum, jafnvægis gætt milli hópa og öll sjónarhorn tekin til greina.

Bent var á að ein af leiðunum til samræðu er í gegnum skipulagsvinnu þar sem verið er að móta langtímamarkmið um landnotkun og stefnu. Helstu hagsmunaaðilar voru nefndir til sögunnar; stjórnvöld, þ.m.t. sveitarstjórnarmenn og embættismenn, íbúar, einstaklingar, félagasamtök, landeigendur og atvinnulíf.

Vangaveitur: Þegar að er gáð eru Íslendingar sammála um ákveðna hluti í náttúruvernd, þó ekki ríki eining á öllum sviðum. Enginn léti sér detta í hug nú að stinga upp á virkjun Gullfoss. Það er sameiginlegt gildi. Leið samræðunnar er í grundvallaratriðum ólík því lýðræði sem við þekkjum þar sem vilji meirihlutans „beygir“ vilja minnihlutans. Ef staldrað er við þessa sterku ósk um samræðu má velta því fyrir sér um hvað skuli rætt, hverjir ættu að taka þátt og hvað verði gert með það sem út úr því kemur. Viðfangsefnið er það viðtækt og hagsmunaaðilar margir að nauðsynlegt er að afmarka frekari samræðu. Tvennt mætti skoða. Annars vegar þær grundvallarbreytingar / áherslur sem hvítbókin boðar og hins vegar þau einstöku atriði sem vænta má að sé mestur úgreiningur um. Í gegnum samræðuna sé lögð áhersla á að leita sameiginlegra gilda. Hagsmunaaðilar verði kallaðir að borðum. Skilgreint sé fyrirfram hver sé tilgangur samræðunnar, þannig að allir gangi að því vísu í upphafi hvort skilaboðin verði einungis tekin til skoðunar, eða hvort þarna sé verið að taka endanlegar ákvarðanir.



Upplýst sé eftirá hvort og þá hvernig skilaboðin voru nýtt við ákvarðanatöku. Hér er vísað aftur á IAP2, sbr. tilvísun 5 hér á undan. Þá má nefna að frjáls félagasamtök gegna mikilvægu hlutverki í samræðu um náttúruvernd og þar er til staðar vettvangur sem gæti átt þátt í að brúa bil milli almennings og stjórnvalda.

4. SAMHLJÓMUR: STEFNA, LÖG, EFTIRFYLGNI, STJÓRNSÝSLA

Ríkis stuðningur kom fram við megináherslur hvítbókar, a.m.k. þau atriði sem kynnt voru í erindi á þinginu. Bent var á annarka, þ.e. að... „hvítbók er einræða nefndarinnar og nauðsynlegt að fá inn breiðari grundvöll frá fleiri aðilum“.

Hvítbók er ætlað að vera grundvöllur að endurskoðun laga. Í lagasetningu felst stefnumörkun stjórnvalda. Þó var kallað eftir stefnu / stefnumörkun sem jafnframt yrði sett fram með öðrum hætti, þ.e. langtímastefnumótun, tímasett markmið, leiðir, reglubundið endurmat á árangri og stöðug endurskoðun.

Vísað var til upplýstrar pólitískrar forystu, (þver)pólitísku kjarks og stuðnings og vilja til að gefa náttúruvernd aukið vægi. Fjármagn til eftirfylgni við hvítbók og til náttúruverndar almennt er forsenda árangurs, að mati þátttakenda. Að mengunarbótaeglan⁶ sé virt og þannig sé fjármagn stýrt. Bent var á ýmsar leiðir varðandi fjármögnun, t.d. að sækja fjármagn til umhverfismála í bensíngjald og stóriðju-/mengunarskatt.



⁶ Þýðing á hugtakinu „Polluter Pays Principle“, PPP.

4.1 LÖGIN

Næsta skref í kjölfar vinnunnar við gerð hvítbókar er endurskoðun laga um náttúruvernd og var lagasetning þátttakendum því ofarlega í huga. Ýmsir lýstu þeirri trú sinni að nú verði í kjölfar vandaðs umsagnarferlis til ný og skýrari náttúruverndarlöggjöf byggð á góðum vísindagrunni og nýjum viðmiðum (t.d. á vistkerfisnálgun og meginreglum umhverfisréttar). Skilgreiningar á hugtökum þurfi að vera skýrar. Fram kom ábending um að inn í lögin verði sett áhersla á fræðslu og vitundarvakningu og hugað að hvötum til að efla umhverfisvitund, t.d. hagrænum hvötum.

Gætt verði að samþættingu þannig að markmið og sýn náttúruverndar endurspeglast í annarri löggjöf og framkvæmd, t.d. skipulagsmál, samgöngur, ferðamál, atvinnumál, menntun, lýðheilsa, útivist og meðferð skotvopna.

Bent var á að vanda þurfi til verka við uppbyggingu í ferðaþjónustu og aðgengi ferðamanna.

Fram kom að í lögnum þurfi að tryggja rétt almennings og eignarréttinn með gagnkvæmri virðingu. Einnig að horfa mætti til fleiri fyrirmynda en Noregs varðandi löggjöfina.

Í samhljómi úr samræðunni birtist sú von að í nýjum náttúruverndarlögum muni endurspeglast fagleg sjónarmið og þverpólitísk sátt og að þar verði ákveðnar reglur sem standist tímans tönn. Gætt verði að stóra samhenginu gagnvart mannkyninu öllu og komandi kynslóðum. „Að markmiðasetning verði skýr og samstaða náist um innihaldið á breiðum grundvelli með sjálfbærni að leiðarljósi.“



4.2 VIÐURLÖG OG EFTIRLIT

Skýr viðurlög, skilgreind í lögum og reglugerðum og leiðir til að beita þeim eru mikilvæg, að mati þátttakenda. Leggja þurfi áherslu á vöktun og töldu ýmsir að strangari viðurlög séu nauðsynleg, s.s. fjársektir og samfélagsleg þjónusta. Rætt var um eftirfylgni við alþjóðlega samninga, s.s. Ramsar- og Bernarsáttmála og í einstökum ábendingum var kallað eftir aðild Íslands að AEWA, African Eurasian Waterbird Agreement, alþjóðlegs sáttmála um verndun votlendisfugla. Varpað var fram hugmynd um þriggja stafa símanúmer fyrir ábendingar og kvartanir.

4.3 STJÓRNSÝSLA

Stjórnsýslu bar nokkuð á góma án þess að hún rataði sterkt inn í samhljóm frá borðunum. Í gögnum er þó að finna ýmis sjónarmið sem gert er skil hér.

Lögð var áhersla á einfalda og skilvirka stjórnsýslu, vönduð vinnubrögð, skýra verkaskiptingu.


Sveitarfélög voru hvött til að leggja meiri áherslu á sjálfbæra þróun og útfæra hvítbók fyrir sitt svæði. Þau þurfi að auka samstarf sín á milli í náttúruverndarmálum þannig að mengandi starfsemi geti ekki flutt milli sveitarfélaga til að forðast umhverfiskröfur. Fram kom að sveitarfélögin gætu lagt lóð á vogarskálarnar í fræðslu og vitundarvakningu. Annars vegar birtist það sjónarmið að sveitarfélögin standi sig ekki nægilega vel í náttúruverndarmálum og hins vegar að mikilvægt sé „...að hvetja til forræðis heimamanna á hverjum stað – miðstýring verði ekki allsráðandi“.





Rætt var um umhverfis- og náttúruverndarnefndir og náttúruverndarfulltrúa til að stuðla að bættri stöðu náttúruverndar í sveitarfélögum og sinna fræðslu.

Þátttakendur virtust telja þörf á breytingum og styrkingu innan stjórnsýslunnar, annað hvort að skerpt verði á verkaskiptingu, skilvirkni og samræmingu milli stofnana og/eða að stofnanir verði sameinaðar, jafnvel þannig að aðeins verði ein stofnun á sviði umhverfis- og náttúruverndarmála. Skilaboð um sameiningu stofnana eru þó ekki afgerandi.

Mestu skiptir að mati þátttakenda að stjórnsýsla í náttúruverndarmálum sé skýr í framkvæmd og einföld, ábyrgðin sé skýr sem og samskiptafarvegur ólíkra aðila s.s. ríkis/sveitarfélaga, landeigenda og annarra hagsmunaaðila. Bent var á að læra mætti af öðrum þjóðum í þessum efnum.





5. NÁTTÚRUVERNÐ TIL FRAMTÍÐAR

Þátttakendum var hugleikið hvernig hægt sé að miðla þeirri yfirsýn og þekkingu sem fram kemur í hvítbókinni til almennings. Einnig kom fram hugsun um einhvers konar framhald hvítbókar, þ.e. að hún megi verða „...lifandi plagg í sífelldri endurnýjun sem byggir á þverfaglegri þekkingu, umræðu og samstarfi“. Hvítbókin ætti helst að virka sem verkfæri sem er í notkun og stöðugri endurskoðun. Hún verði notuð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um náttúruverndarmál, t.d. við gerð skipulags. Lögð var áhersla á aðgerðaáætlun, þannig að hvítbókin verði ekki „skúffuplagg“.

Varpað var fram þeirri hugmynd að gera erindi Guðmundar Páls Ólafssonar sem hann flutti á þinginu að inngangi að hvítbók. Einnig að fram fari einhvers konar staðbundin endurskoðun og að á hverju umhverfisþingi verði hvítbók tekin til umræðu og spurt „Hvar stöndum við?“.

Þegar upp er staðið snýst framhaldið um framtíðarsýn fyrir landið Ísland. Í samræðunni kom m.a. fram að horfa ætti til langrar framtíðar, „Ísland eftir 1000 ár: 3012?“. Árangur hvítbókar snúist m.a. um hvort hún „...efli skilning manna á að náttúruvernd er meira en dagurinn í dag og við þurfum að líta til framtíðar og næstu kynslóða“.

Byggja þurfi ákvarðanatöku á þekkingu og fagmennsku, vísindalegum grunni þar sem ríki „...jafnvægi milli allra umhverfis- og náttúruþátta (ekki síst jarðfræði) og allra hinna ólíku sjónarmiða“. Þá þurfi að gæta jafnvægis milli nýtingar og verndar, þar sem „maðurinn hefur verið, er og verður hluti af náttúrunni“. Samræðan sé gífurlega mikilvæg til að leitast við að finna sátt ólíkra hagsmuna „...með megináherslu á sjálfbæra þróun“. Hagsmunir heildarinnar verði ofar sérhagsmunum. Viðurkenna þurfi að „...náttúran er breytingum undirorpin. Vinna þarf með þeim breytingum, ekki gegn“. Gætt verði meðalhófs og reynt að varast öfga.

Horft verði til langtímahagsmuna mannkyns og lífs á jörðu, í vitund um að „...náttúruvernd er grundvöllur að framtíð mannsins“.

